

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Ellisif Bjarnadóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. nóvember 2022  
UST202209-299/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og nýtt deiliskipulag fyrir Laugarás**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og nýju deiliskipulagi fyrir Laugarás.

Í greinargerð kemur fram að helstu breytingarnar eru að þéttbýlismörkum er breytt lítillega, skilgreint er nýtt hesthúsasvæði sem er norðaustast, Holtagata er færð til suðvesturs og tengist Skálholtsvegi á mótis við Launrétt og bætt er við hringtorgum og norðan Bæjarholts er nýtt íbúðarsvæði, Efri-Hamar. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir sameiginlegu fráveitukerfi og hreinsistöðvum fyrir byggðina, gert er ráð fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis á tveimur lóðum, verslunar- og þjónustusvæði við Holtagötu stækkar, skilgreint er iðnaðarsvæði fyrir núverandi vinnslu á jarðhita og heimiluð frekari nýting hans, afþreyingar- og ferðamannasvæði er fellt út og sett inn opin svæði þar sem annars vegar er leikvöllur og hins vegar útivistarsvæði.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og mikilvægt er að það komi fram í greinargerð tillögunnar að fyrir þéttbýlið Laugarás og einstaka hús sé gerð krafa um tveggja þrepa hreinsun. Ekki er fullnægjandi að notast einungis við rotþró eins og kemur fram á bls. 36, kafla 4.17.5.

Á uppdrætti er afmarkað hættusvæði vegna flóða og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að fráveitumannvirki sé staðsett með tilliti til flóðahættu.

### **Urðunarstaður**

Í greinargerð kemur fram að við Höfðaveg, austan Langholts, var um tíma urðað sorp og sláturúrgangur. Svæðið er afmarkað á uppdrætti sem varúðarsvæði þar sem óheimilt er að hrófla við svæðinu án samráðs við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Auk þess kemur fram að svæðið er gróft afmarkað á uppdrætti og skal hafa það í huga við framkvæmdir í nágrenninu.

Umhverfisstofnun telur óljóst út frá hvaða forsendum varúðarsvæðið er afmarkað. Umhverfisstofnun bærust upplýsingar um að samkvæmt gömlum loftmyndum nái afmörkun varúðarsvæðisins ekki yfir allan urðunarstaðinn og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að afmörkun varúðarsvæðisins sé endurskoðað.

Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að nýta svæðið sem beitarland eða fyrir skógrækt sökum þess að úrgangur var urðaður á svæðinu og vegna óvissu um þykkt yfirborðslagsins og einnig vegna þess að ekki hafa farið fram neinar rannsóknir á svæðinu

um ástand urðunarstaðarins og lekt frá honum. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að reiðleið sé fyrir utan varúðarsvæðið.

Á deiliskipulagsupprætti er hættusvæði vegna flóða í Hvítá dregið miðað við kortlagningu Veðurstofunnar á flóðum sem urðu árin 1968, 1981 og 2006. Þar sem hættusvæðið nær inn á varúðarsvæðið bendir stofnunin á að æskilegt er að kanna hvort gera þurfi viðeigandi ráðstafanir til að verja gamla urðunarstaðinn með tilliti til mengunarhættu.

### **Hverasvæði**

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að hverasvæðið sem er innan þéttbýlisins fellur að hluta til undir hverfisverndarsvæðið við Vaðla (HV13), sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Þar verður lögð áhersla á að vernda votlendi, gróður og fuglalíf.

Í greinargerð aðalskipulags segir að á I22 sé starfsemi hitaveitu sem nýtir heitt vatn úr hverunum fyrir byggðina í Laugarási. Heimild er fyrir frekari nýtingu á heitu vatni og að bora eftir vatni ef þörf krefur. Umhverfisáhrif tillögunnar eru því metin neikvæð á hverfisverndarsvæðið og friðaðar plöntutegundir og hverirnir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að vernda hverasvæðið og lífríkið sem tengist því (hverfisverndarsvæðið) og því mikilvægt að heitavatnsnýtingin sé með sjálfbærum hætti.

Ef það er ógerlegt er mikilvægt að valið sé iðnaðarsvæði í aðalskipulagi til sjálfbærrar heitavatnstöku sem hefur ekki neikvæð áhrif á hverasvæðið og á það lífríki sem því tengist. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir röskun á verndarsvæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum valkostum á heitavatnstöku sem skoðaðir voru og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu í samræmi við ákvæði laganna.

### **Gróðurfar**

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt ábendingum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins plöntur sem eru friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021<sup>1</sup> um friðun æðplantna, mosa og fléttna og samkvæmt 6. gr. auglýsingarinnar er bannað að eyðileggja eða skaða þessar plöntutegundir á vaxtarstöðum þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>